

**Kaupfélag Suðurnesja svf.**

**Ársreikningur móðurfélags 2020**

**Efnisyfirlit** bls.

Skýrsla og áritun félagsstjórnar .....	<b>2</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3 - 4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6 - 7
Sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	<b>9 - 14</b>

Kaupfélag Suðurnesja svf.  
Kennitala 680169-1019  
Krossmóa 4, 260 Reykjanesskagi

## Skýrsla og áritun félagsstjórnar

Kaupfélag Suðurnesja er samvinnufélag. Starfsemi félagsins felst í eignarhaldi í dótturfélögum og öðrum félögum. Félagssvæði Kaupfélags Suðurnesja er Suðurnes, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes og Reykjavík.

Stjórn félagsins hefur haldið 9 bókfærða fundi á árinu 2020. Aðalfundur var haldinn 7.maí og ekki var haldinn fulltrúafundur vegna áhrifa covid-19 heimsfaraldursins.

Ársreikningurinn innifelur reikningsskil Kaupfélags Suðurnesja (Kaupfélagið) sem móðurfélags. Auk þessa reiknings er gerður samstæðureikningur móðurfélagsins og dótturfélaga. Í skýringu 1 er gerð grein fyrir dótturfélögum og starfsemi þeirra.

Heildar hagnaður móðurfélagsins nam 161 milljónum króna. Stjórn vísar til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar. Eigið fé í árslok 2020 nam um 2.161 milljónum króna.

Helsta fjárhagslega áhætta samstæðunnar er útlánaáhætta tengd viðskiptakröfum og lausafjáráhætta. Daglega fylgjast stjórnendur samstæðunnar með þróun á gengi gjaldmiðla og bregðast við miðað við aðstæður hverju sinni. Útlánatöp eru takmörkuð með virkri eftirfylgni við innheimtu og sérstökum innheimtureglum. Markaðsáhætta samstæðunnar vegna fjármálagerninga er óveruleg. Lausafjáráhætta er lágmörkuð með daglegri sjóðstýringu og samningum um greiðslufresti. Í samstæðureikningi er gerð nánari grein fyrir fjárhagslegri áhættustýringu.

Í samstæðureikningi Kaupfélagsins er gerð grein fyrir ófjárhagslegum þáttum. Þar er um að ræða samfélagsmál, umhverfismál, starfsmannamál, mannréttindamál, spillingar- og mútumál o.fl.

Stjórnendur félagsins hafa yfirfarið áhrif COVID-19 heimsfaraldursins. Þrátt fyrir áhættu tengda honum í rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi og erlendis er það mat stjórnenda félagsins að faraldurinn muni ekki hafa áhrif á rekstrarhæfi eða mat eigna og skulda. Í skýringu 8 er að finna frekari upplýsingar um áhrif faraldursins á starfsemi og fjárhag félagsins.

Starfsemi Kaupfélagsins hefur verið sinnt í hlutastörfum af starfsmönnum á skrifstofu Samkaupa hf. auk þess sem stjónarformaður sinnir starfsskyldum kaupfélagstjóra. Laun og launatengd gjöld vegna starfsmanna og stjórnar Kaupfélagsins námu 11,4 milljónum króna.

Eftir lok reikningsárs hafa engir atburðir átt sér stað sem gætu haft veruleg áhrif á rekstur eða fjárhaglega stöðu félagsins.

Félagsmenn Kaupfélagsins voru 7.563 í árslok í sjö félagsdeildum en í upphafi árs voru þeir 7.117. Í samræmi við ákvæði laga um samvinnufögur hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt og önnur réttindi, þar sem stofnsjóður er eingöngu í A-deild.

Það er álit stjórnar Kaupfélagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarniðurstöðu ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Kaupfélags Suðurnesja staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjanesbæ, 11. mars 2021

Í stjórn  
Kaupfélags Suðurnesja

Skúli Skúlason

Eysteinn Eyjólfsson

Solveig Einarsdóttir

Sigurbjörn Gunnarsson

Guðbjörg Ingimundardóttir

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar og félagsmanna Kaupfélags Suðurnesja

#### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kaupfélags Suðurnesja fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu og áritun félagsstjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

#### Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og áritun félagsstjórnar.
- Rekstrarreikning ársins 2020.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2020.
- Sjóðsstreymi ársins 2020.
- Skýringar sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og áritun félagsstjórnar er undanskilin endurskoðun, samanber kafla um aðrar upplýsingar.

#### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

#### Óhæði

Við erum óháð féluginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

#### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar er skýrsla og áritun félagsstjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu og áritun félagsstjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun félagsstjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

#### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagdir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemendum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að veikja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrilliggjandi færslum og atburðum og gefi glöggja mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjanesbæ, 11.mars 2021.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrargjöld</b>			
Annar rekstrarkostnaður .....		8.968.427	6.589.867
Laun og launatengd gjöld .....	7	11.391.408	10.782.901
		<u>20.359.835</u>	<u>17.372.768</u>
<b>Rekstrartap</b>		(20.359.835)	(17.372.768)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		517.358	7.529.052
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....		(109.388.337)	(113.037.185)
		<u>(108.870.979)</u>	<u>(105.508.133)</u>
<b>(Tap) fyrir áhrif dótturfélaga</b>		(129.230.814)	(122.880.901)
Áhrif dótturfélaga .....	2	290.341.459	172.905.403
<b>Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta</b>		161.110.645	50.024.502
<b>Tekjuskattur</b>			
Tekjuskattur .....		5	0
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>161.110.645</u>	<u>50.024.502</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutar í dótturfélögum .....	2	3.862.639.632	3.344.027.698
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	3	18.978.404	18.978.404
		<hr/> 3.881.618.036	<hr/> 3.363.006.102
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>3.881.618.036</b>	<b>3.363.006.102</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Kröfur á tengd félög .....	7	115.946.916	115.557.668
Aðrar skammtímakröfur .....		12.638.907	39.052.632
Handbært fé .....		<hr/> 152.575.410	<hr/> 122.724.584
		<hr/> 281.161.233	<hr/> 277.334.884
<b>Eignir samtals</b>		<b><hr/>4.162.779.268</b>	<b><hr/>3.640.340.986</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
<b>Sjóðir og eigið fé</b>	<b>4</b>		
Stofnsjóður félagsmanna .....		58.691.600	58.427.461
Varasjóður .....		16.366.048	16.366.048
Aðrir bundnir eiginfjárrrekningar .....		1.733.839.938	1.321.385.425
Óráðstafað eigið fé .....		<u>352.353.195</u>	<u>203.697.063</u>
		<u>2.161.250.781</u>	<u>1.599.875.997</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldbindingar:			
Aðrar skuldbindingar .....	2	383.204.817	383.204.817
Langtímalán:			
Veðlán og önnur langtímalán .....	6	1.306.930.954	1.341.557.408
<b>Langtímaskuldir samtals</b>		1.690.135.771	1.724.762.225
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við tengd félög .....	7	193.731.452	194.933.340
Aðrar skammtímaskuldir .....		34.540.638	39.642.087
Næsta árs afborganir langtímalána .....	6	<u>83.120.626</u>	<u>81.127.337</u>
		<u>311.392.716</u>	<u>315.702.764</u>
<b>Skuldir samtals</b>		2.001.528.487	2.040.464.989
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>4.162.779.268</u>	<u>3.640.340.986</u>
Aðrar upplýsingar .....	7		
Áhrif covid-19 heimsfaraldurs .....	8		

## Sjóðstreymi ársins 2020

	2020	2019
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		
Veltufé frá rekstri (til rekstrar):		
Hagnaður af reglulegri starfsemi .....	161.110.645	50.024.502
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Áhrif dótturfélaga .....	(290.341.459)	(172.905.403)
Aðrir reiknaðir liðir .....	48.067.857	32.417.629
	<hr/>	<hr/>
	(81.162.957)	(90.463.272)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímaskuldur .....	26.413.725	606.397
Skammtímaskuldur .....	<hr/>	<hr/>
	(5.101.449)	(1.931.290)
	<hr/>	<hr/>
	21.312.276	(1.324.893)
<b>Handbært fé til rekstrar samtals</b>	<hr/>	<hr/>
	(59.850.681)	(91.788.165)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Breytingar á kröfu tengdra félaga .....	(389.248)	14.220.976
Aðrar fjárfestingahreyfingar .....	0	606.747
Móttekinn arður frá dótturfélagi .....	<hr/>	<hr/>
	171.730.416	171.730.416
	<hr/>	<hr/>
	171.341.168	186.558.139
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>		
Afborganir lána .....	(80.701.913)	(72.845.729)
Breytingar á skuld tengdra félaga .....	<hr/>	<hr/>
	(1.201.888)	(176.650)
Aðrar fjármögnumnarhreyfingar .....	<hr/>	<hr/>
	264.139	1.013.040
	<hr/>	<hr/>
	(81.639.662)	(72.009.339)
<b>Hækkun á handbæru fé</b>	<hr/>	<hr/>
	29.850.825	22.760.635
<b>Handbært fé í byrjun árs</b>	<hr/>	<hr/>
<b>Handbært fé í lok árs</b>	<hr/>	<hr/>

Aðrar upplýsingar:

Innborgaðar vaxtatekjur .....	517.358	7.529.052
Greiddir vextir .....	(66.782.006)	(77.082.508)

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Kaupfélag Suðurnesja svf. er með heimilsfesti á Íslandi, skráð aðsetur félagsins er að Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ.

Ársreikningur er móðurfélagsársreikningur þar sem hlutdeild í rekstri og efnahag dótturfélaga er færð. Samhliða þessum ársreikningi setur félagið fram samstæðuársreikning. Dótturfélög Kaupfélagsins eru:

- Samkaup hf., Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ, starfsemi félagsins er verslunarrekstur.
- KSK eignir ehf., Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ, starfsemi félagsins er útleiga og rekstur fasteigna.
- Rósasel ehf., Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ, eignarhaldsfélag.
- Sauðahellir ehf., Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ, eignarhaldsfélag.
- Fagurey ehf., Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ, eignarhaldsfélag.
- KB framfarafélag ehf., Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ, eignarhaldsfélag.

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Mat og matsaðferðir eru unnar samkvæmt bestu vitund stjórnenda miðað við stöðu við gerð ársreiknings. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Eignarhlutir í dótturfélögum

Í móðurfélagsreikningi eru færð afkomuáhrif dótturfélaga miðað við hlutdeild móðurfélags í eigin fé viðkomandi dótturfélaga. Hlutdeild í tapi dótturfélaga er fært á móti eignarhlut í viðkomandi dótturfélagi að því marki að bókfært verð eignarhlutar verði ekki neikvætt. Ef hlutdeild í tapi er hærrí þá færst það á móti kröfu móðurfélagsins á dótturfélagið að því marki sem krafan dugar á móti gjaldfærslunni. Hlutdeild í tapi umfram það er ekki fært nema talið sé að móðurfélagið þurfi að bera skuldbindingar dótturfélagsins. Í hlutdeildaðferðinni er móttékinn arður frá dótturfélögum færður til lækkunar á fjárfestingu í dótturfélagi.

### 1.3 Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir á kostnaðarverði eða áætluðu matsverði ef það er lægra.

### 1.4 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við visitölur sem töku gildi í byrjun árs 2021. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

## Skýringar

### 1.5 Tekjuskattsskuldbinding (-inneign)

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema vegna liða sem færðir eru í gegnum eigið fé, þá er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er reiknaður miðað við gildandi tekjuskattshlutfall á reikningsskiladegi. Tekjuskattur til greiðslu byggir á áætluðum sköttum sem líklegt er að greiða beri til skattyfirvalda á næsta ári.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verðs í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

Tekjuskattsinneign er eingöngu færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni.

Tekjuskattsinneign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman þegar það er heimilt samkvæmt lögum og er vegna tekjuskatts sem lagður er á af sömu skattayfirvöldum.

### 1.6 Handbært fé

Handbært fé í ársreikningnum samanstendur af innistæðum á óbundnum bankareikningum og peningum í sjóði.

### 1.7 Skuldbindingar

Félagið færir skuldbindingu þegar félagið hefur lagalega eða samningslega skyldu til að greiða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt sé að mæla þær með ábyggilegum hætti.

Skuldbinding er ekki færð vegna mögulegra framtíðar rekstrartapa.

### 1.8 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádegnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádegnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

### 1.9 Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

## Skýringar

### 2. Eignarhlutar í dótturfélögum

Eignarhluti Kaupfélags Suðurnesja og dótturfélaga í Samkaupum nemur 59,43% í lok árins og skiptist þannig að Kaupfélag Suðurnesja á 57,24% og dótturfélagið KB framfarafélag ehf. á 2,19%. Í upphafi árs var eignarhlutdeildin samtals 59,41%. Breyting á eignarhlutdeild samstæðunnar í Samkaupum á árinu 2020 er tilkomin vegna kaupum KB framfarafélags ehf. í hlutabréfum í Samkaupa hf.

Eignarhald í dótturfélögum Kaupfélags Suðurnesja, bókfært verð í lok árs 2020 og hagnaðarhlutdeild á árinu kemur þannig fram í rekstrarreikningi móðurfélagsins:

	Eignarhlutur	Eigið fé	Hlutdeild í eigin fé	Afkoma	Afkomuhlutdeild	Bókfært verð
Samkaup hf.....	57,24%	2.016.725.096	1.154.444.030	455.103.248	254.906.413	1.498.297.033
KSK eignir ehf.....	100,00%	1.887.573.856	1.887.573.856	39.650.917	25.738.777	2.012.783.116
Fagurey ehf. ....	100,00%	23.778.849	23.778.849	(188.218)	(188.218)	23.778.849
KB framfarafélag ehf.....	100,00%	310.130.002	310.130.002	9.884.487	9.884.487	327.780.634
					290.341.459	3.862.639.632

Afkomuhlutdeild miðast við afkomu fyrirtækja að teknu tilliti til leiðréttингar m.a. vegna afskrifta yfirverðs eignarhluta og aðlögunar vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla að íslenskum ársreikningarlögum.

	31.12.2020	31.12.2019
Skuldbindingar tengdar dótturfélögum:		
Óinnleystur söluhagnaður vegna sölu eignarhluta til dótturfélags.....	383.204.817	383.204.817
	<u>383.204.817</u>	<u>383.204.817</u>

Á fyri árum voru eignarhlutir í Samkaupum seldir milli félaga innan samstæðu Kaupfélagsins. Samtals nemur söluhagnaðurinn kr. 383.204.817 sem verður innleystur þegar eignarhlutirnir verða út úr samstæðu Kaupfélagsins. Þess vegna er færð skuldbinding í efnahagrekning sem er samsvarandi óinnleyustum söluhagnaði.

Til viðbótar framangreindu getur komið til ábyrgða Kaupfélagsins vegna skulda KSK eigna ehf. sem fluttust til KSK eigna ehf. í kjölfar skiptingar Kaupfélagsins á árinu 2006. Möguleg hámarksfjárhæð slíkrar ábyrgðar gæti numið 208 milljónum króna og byggist á skuldbindingum sem stofnað hafði verið til þegar skiptingaráætlun var birt og hlutfallslegri skiptingu eigin fjár við skiptinguna samanber ákvæði laga um hlutafélög og samvinnufélög.

### 3. Eignarhlutar öðrum félögum

Eignarhlutir samstæðunnar í öðrum félögum, koma þannig fram í árslok:

	Bókfært verð
Keilir hf.....	10.000.000
Fasteignafélagið Sunnubraut 4.....	12.000.000
Önnur hlutabréf í óskráðum innlendum félögum.....	736.671
Niðurfærsla.....	<u>(3.758.267)</u>
	<u>18.978.404</u>

## Skýringar

### 4. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á stofnsjóði félagsmanna og öðru eigin fé samstæðunnar:

	Stofnsjóður félagsmanna	Varasjóður	Aðrir bundnr eiginfjárreikn.	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Hreyfingar 2019:</b>					
Jöfnuður 1/1.....	57.414.421	16.366.048	1.311.326.126	163.731.860	1.548.838.455
Breytingar stofnsjóðs.....	1.013.040				1.013.040
Hlutdeild í sérstöku endurmati fasteigna dótturf.....			(27.196.404)	27.196.404	0
Bundnar hlutdeildartekjur.....			37.255.703	(37.255.703)	0
Hagnaður ársins.....				50.024.502	50.024.502
	58.427.461	16.366.048	1.321.385.425	203.697.063	1.599.875.997

Aðrir bundnr eiginfjárreikningar greinast á eftirfarandi hátt:

	Endurmats- reikningur	Bundinn hlut- deildarreikningur	Samtals
<b>Hreyfingar 2019:</b>			
Jöfnuður 1/1.....	1.209.480.196	101.845.930	1.311.326.126
Endurmatsreikningur.....	(27.196.404)		(27.196.404)
Bundinn hlutdeildarreikningur.....		37.255.703	37.255.703
	1.182.283.792	139.101.633	1.321.385.425

	Stofnsjóður félagsmanna	Varasjóður	Aðrir bundnr eiginfjárreikn.	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Hreyfingar 2020:</b>					
Jöfnuður 1/1.....	58.427.461	16.366.048	1.321.385.425	203.697.063	1.599.875.997
Breytingar stofnsjóðs.....	264.139				264.139
Hlutdeild í sérstöku endurmati fasteigna dótturf.....			400.000.000	0	400.000.000
Afskrift endurmats fasteignar.....			(27.196.404)	27.196.404	
Bundnar hlutdeildartekjur.....			39.650.917	(39.650.917)	0
Hagnaður ársins.....				161.110.645	161.110.645
	58.691.600	16.366.048	1.733.839.938	352.353.195	2.161.250.782

Aðrir bundnr eiginfjárreikningar greinast á eftirfarandi hátt:

	Endurmats- reikningur	Bundinn hlut- deildarreikningur	Samtals
<b>Hreyfingar 2020:</b>			
Jöfnuður 1/1.....	1.182.283.792	139.101.633	1.321.385.425
Hlutdeild í sérstöku endurmati fasteigna dótturf.....	400.000.000		400.000.000
Afskrift endurmats fasteignar.....	(27.196.404)		(27.196.404)
Bundinn hlutdeildarreikningur.....		39.650.917	39.650.917
	1.555.087.388	178.752.550	1.733.839.938

Aðrir bundir eiginfjárreikningar eru endurmatsreikningur og bundinn reikningur vegna hlutdeilda í afkomu dótturfélaga samanber eftirfarandi skilgreiningu:

#### Endurmatsreikningur

Á endurmatsreikning eru færðar gangvirðisbreyting varanlegra rekstrarfjármuna í dótturfélögum. Endurmatsreikningurinn er leystur upp ef eign sem er færð á gangvirði er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendar fyrir endurmatinu er ekki fyrir hendi.

#### Bundinn hlutdeildarreikningur

Á bundinn hlutdeildarreikning er færður mismunur á hlutdeild sem færð hefur verið í rekstrarreikning vegna dótturfélags og þeiri fjárhæð sem nemur móttéknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta. Reikningurinn er leystur upp ef hlutdeildin er seld eða afskrifuð.

## Skýringar

### 5. Tekjuskattur

Tekjuskattsinneign breytist þannig á árinu:

Tekjukskattsinneign 1/1 2020.....	247.148.917
Reiknaður tekjuskattur ársins.....	25.842.583
Tekjukskattsinneign 31/12 2020.....	272.991.500
Inneign færð niður vegna óvissu um nýtingu.....	(272.991.500)
	0

Tekjuskattseign er ekki færð þar sem óvissa ríkir um nýtingu á yfirfæránlegu skattalegu tapi.

Greining tekjuskattsskuldbindingar (-inneignar) í árslok:

Yfirfæránlegt tap, reiknuð tekjuskattsáhrif.....	272.991.500
	272.991.500
Inneign færð niður vegna óvissu um nýtingu.....	(272.991.500)
	0

Ójöfnuð rekstrartöp í árslok greinast þannig:

Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársloka 2021.....	298.727.656
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársloka 2022.....	0
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023.....	115.217.054
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024.....	182.739.633
Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025.....	105.793.254
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026.....	176.264.902
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027.....	97.486.210
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028.....	136.652.477
Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029.....	122.863.401
Tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030.....	129.212.914
	1.364.957.501

### 6. Langtímalán

Langtímalán samkvæmt lánasamningunum koma þannig til greiðslu á næstu árum:

Árið 2021.....	83.120.626
Árið 2022.....	83.120.626
Árið 2023.....	83.120.626
Árið 2024.....	83.120.626
Árið 2025.....	83.120.626
Árið 2026 og síðar.....	974.448.450
	1.390.051.580

Lánin eru þannig færð í ársreikninginn:

Langtímhældi .....	1.306.930.954
Næsta árs afborganir.....	83.120.626
	1.390.051.580

Lánin greinast þannig m.t.t. gjaldmiðla:

Skuldir í íslenskum krónum (ISK).....	1.390.051.580
	1.390.051.580

## Skýringar

### 7. Aðrar upplýsingar

#### Veðsetningar

Til tryggingar skuldum félagsins sem námu um 1,4 milljörðum króna í lok árs 2020 hvíla veð á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum.

#### Ábyrgðir

Í skýringu nr. 2 er greint frá mögulegum ábyrgðum móðurfélagsins vegna skulda dótturfélagsins KSK eigna ehf. tengt skiptingu móðurfélagsins á árinu 2006.

#### Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:

Laun og þóknanir.....	9.475.900
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	1.226.433
Önnur launatengd gjöld.....	689.075
<hr/>	
	11.391.408

Engar lífeyris- eða eftirlaunaskuldbindingar hvíla á féluginu og það hefur ekki gert kaupréttarsamninga við starfsmenn eða stjórnendur sína.

#### Viðskipti við tengda aðila

Innan samstæðunnar eru viðskipti milli dótturfélagsins Samkaupa hf. annars vegar og dótturfélagsins KSK eigna ehf. hins vegar vegna leigu á fasteignum undir verslunarrekstur.

	31.12.2020	31.12.2019
Skuld við tengda aðila:		
KB framfarafélag ehf. ....	(193.731.452)	(194.933.340)
	<hr/>	<hr/>
Krafa við tengda aðila:		
Samkaup hf. ....	46.700	0
Fagurey ehf. ....	115.737.434	115.557.668
Rósasel ehf. ....	162.782	0
	<hr/>	<hr/>
	115.946.916	115.557.668

### 8. Áhrif covid-19 heimsfaraldurs

Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar hafa stjórnendur yfirfarið áhrif COVID-19 heimsfaraldusins á rekstur og framtíðarhorfur félagsins. Mat stjórnenda er að faraldurinn, sem kom til landsins í byrjun mars 2020, hafi ekki haft veruleg áhrif á rekstur félagsins og mat eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum. Rekstur dótturfélaga tengist meira og minna rekstri Samkaupa hf. Þar hafa áhrifin ekki verið veruleg á afkomu og að sumu leyti jákvæð vegna aukinnar vefsölu. Til skemmti tíma er það því mat stjórnenda að heimsfaraldur hafi ekki veruleg áhrif á rekstur félagsins og framtíðarhorfur. Til lengri tíma eru áhrif mjög óviss en ekkert sem bendir til þess að þau verði óhagfeldi fyrir félagið miðað við þann grunn sem það byggir á.